

Ágæti sauðfjárbóndi

Ákveðið hefur verið að Kaupfélag Skagfirðinga greiði 13% viðbótarálag á það verð sem gefið var út í upphafi sláturtíðar nú í haust, á hvert kíló dilkakjöts, sem lagt er inn hjá afurðarstöð KS.

Greitt verður fyrir innlegg í september og október samkvæmt áður útgefinni verðskrá, en 13% viðbótarverð verður greitt til sauðfjárbænda 20. nóvember n.k. Þetta er meðal annars gert á grundvelli heldur betri rekstrarhorfa en lagt var upp með í sumar. Þar má nefna að gengi erlendra gjaldmiðla (evru) virðist ætla að verða heldur hagstæðara en á síðustu verðtíð. Jafnframt væntum við þess að kostnaður af útflutningi dilkakjöts jafnist betur milli sláturleyfishafa en á síðasta framleiðslutímabili. Aðstoð ríkisvaldsins við sauðfjárbændur er óljós og óvissa í stjórnmálum. Sauðfjárbændur eru því í miklum vanda.

Markaðsátakið sem skilaði 857 tonna útflutningi með ærnum kostnaði fyrir sláturleyfishafa, var að stærstum hluta borið uppi af sláturhúsunum á Sauðárkróki og Hvammstanga (2/3hlutar). Því er ljóst að KS og SKVH báru stærstan hluta kostnaðar sláturleyfishafa af þessu útflutningsátaki.

Til upplýsingar má geta þess að heildarútflutningur dilkakjöts á síðasta verðlagsári var 2.693 tonn alls. Af því flutti KS út 1.018 tonn og Hvammstangi 620 tonn. Þessi tvö sláturhús voru því með yfir 60% heildarútflutnings dilkakjöts.

Því miður eru ýmsir þættir enn neikvæðir og má þar nefna lágt verð á gærum, útflutningi á hliðarafurðum til Asíu og gengisskráning krónunnar er mjög óhagstæð í sögulegu samhengi.

Kaupfélag Skagfirðinga lýsir sig reiðubúið til áframhaldandi góðs samstarfs við aðra sláturleyfishafa, Félag sauðfjárbænda og stjórnvöld um lausn þess mikla vanda er við er að fást. Öll vonum við að fyrr en síðar rætist úr og þetta séu tímabundnir erfiðleikar.

En meðan þetta ástand varir er óhjákvæmilegt að draga úr framleiðslu og koma upp betra kerfi til að geta stjórnað framleiðslumagni í takt við horfur á mörkuðum hverju sinni. Mikilvægt er að hið opinbera styðji áframhaldandi átaksverkefni í útflutningi dilkakjöts. Það skilar mestum árangri við þessar aðstæður.

Kaupfélag Skagfirðinga mun ekki síðar en í mars n.k. endurmeta stöðuna varðandi lokaverð til bænda í ljósi þess sem þá hefur gerst varðandi þessi mál.

Með góðum kveðjum,

Ágúst Andrésson
forstöðumaður kjötafurðastöðvar KS.